

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 214/1958, um heilsuvernd í skólum.****1. gr.**

18. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Þar sem heilsuverndarstöðvar hafa heilsuvernd í skólum með höndum, ráða þær eða leggja sjálfar til heilbrigðisstarfslið í skóla, hver í sínu umdæmi.

Þar sem heilsuverndarstöðvar hafa ekki heilsuvernd í skólum með höndum, ráða eftirtaldir aðilar heilbrigðisstarfslið að skólum annað en héraðslækna, sem gegna skólalæknisstörfum samkvæmt lögum um heilsuvernd í skólum:

- a. fræðslumálastjórn, eða skólastjóri í umboði hennar, ef um er að ræða ríkisskóla;
- b. fræðsluráð (skólanefndir), ef um er að ræða skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum;
- d. skólastjórn, ef um er að ræða einkaskóla.

2. gr.

19. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Um greiðslu fyrir skólalækningar fer eftir samningi milli menntamálaráðuneytis og stéttarféлага lækna. Ef samningar takast ekki, fer um ákvörðun greiðslu eftir ákvæðum 8. gr. 3. tl. 1. mgr. læknaþingarlaga nr. 43/1965, að því er varðar héraðslækna, og 13. gr. laga um lækningaleyfi o. fl. nr. 47/1932, að því er aðra lækna varðar.

Kostnaður við heilsuvernd í skólum telst hluti af rekstrarkostnaði hvers skóla og skiptist milli greiðsluaðila í skólum, sem reknir eru af ríki og sveitarfélögum sameiginlega, samkvæmt lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 21. nóvember 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUR**um menntun starfsfræðikennara.**

Kennarar þeir, sem annast starfsfræðslu í skólum gagnfræðastigs, skulu hafa notið kennslu og stundað nám undir leiðsögn sérfróðra manna í þeim greinum og á þeim sviðum, er starfsfræðslu varða. Skal undirbúningsnám þetta einkum miða að því að veita staðgóða þekkingu á eftirtöldum eignum:

Hlutverki og gildi starfsfræðslu og sálfræðilegum forsendum hennar, sálarfræði vinnu og starfsvals, atvinnusögu og þróun verkmenningar,

atvinnuvegum Íslands, ástandi þeirra og horfum, vinnustað og aðstæðum á vinnustað, réttindum og skyldum launþega og vinnuveitenda, námsbrautum og námskröfum einstakra menntastofnana.

Þá skal starfsfræðslukennarinn kunna góð skil á kennslubókum og handbókum í starfsfræðslu, ásamt fræðslumyndum og öðrum gögnum, er starfsfræðslu varða.

Samanlagður námstími skal eigi vera skemmri en 120 kennslustundir, er skiptast milli fyrirlestra, vettvangsfræðslu og verklegra æfinga.

Náminu lýkur með prófi og skal forstöðumaður námskeiðsins gefa út prófskírteini þeim til handa, er fullnægja settum skilyrðum.

Menntamálaráðuneytið, 30. nóvember 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 286.

14. desember 1966.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Kristínar Thoroddsen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. desember 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um Minningarsjóð Kristínar Thoroddsen.

Kristín Ólína Thoroddsen, f. 29. apríl 1894, d. 28. febr. 1961, var forstöðukona Hjúkrunaskóla Íslands frá stofnun hans árið 1931 og til 1949. Nemendur skólans og aðrar hjúkrunarkonur, sem átt höfðu samstarf með Kristínu Thoroddsen, gengust fyrir stofnun þessa minningarsjóðs við andlát hennar, 28/2 1961, í þakklætis- og virðingarskýni fyrir brautryðjendastörf hennar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 25 þúsund. Hann má ekki skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim nemendum Hjúkrunarskóla Íslands, sem skarað hafa fram úr í hjúkrunarnámi og sýnt sérstaka hæfileika til hjúkrunarstarfa. Verðlaunin skal veita við brautskráningu úr skólanum, þegar einhver er talinn þeirra maklegur. Verðlaunin skulu vera peningar úr bronsi, á annarri hlið hans skal vera upphleypt mynd af Kristínu Thoroddsen, gerð eftir lágmynd Sigurjóns Ólafssonar af henni. Á hinni hlið peningsins standi: Verðlaun Kristínar Thoroddsen, nafn nemanda, er peninginn hlýtur, ásamt ártali.

Heimilt er sjóðsstjórn að færa út starfssvið sjóðsins, ef unnt er og ástæða þykir til, svo sem með því að veita úr honum styrk til framhaldsnáms í hjúkrun.